

7.

HVERGI ER ELDHÆTTAN MEIRI EN ÞAR, SEM
VARNIR ERU MINNSTAR.

Samningur sá, sem nú hefir verið gerður við Bandaríki Ameríku, um varnir Íslands, er bein afleiðing og áframhald af Norður-Atlantshafs-sáttmálanum. - Sankvæmt honum er ætlast til, að Íslendingar láti í té afnot landsins, ef til ófriðar kemur. Síðan hafa hörfur í heimsmálunum nær stöðugt farið versnandi, og vita allir Íslendingar, að sá eldur er lengi hefur logað í Kóreu, getur hvenær sem er breiðst út. Hvergi er eldhættan meiri heldur en þar, sem varnir eru minnstar, og stafar Íslendingum því meiri hættu af varnarleysi sínu, sem aðrar þjóðir efla meir og betur varnir sínar. Það var því skylda íslenskra stjórnarvalda að fljóta ekki sofandi að feigðarósi, heldur tryggja landinu nauðsynlegar varnir í því skyni að draga úr árásarhættunni.

Ríkisstjórnin gerði því, með einróma samþykki lýðræðisflokkanna varnarsamninginn við Bandaríkin. Var það fert í samráði við og eftir tillögu stjórnenda Atlantshafs-bandalagsins. Er gleðiefni að geta samið um varnir Íslands við eina þjóð, en ekki margar, og einmitt þá þjóðina, sem við höfum ágæta reynslu af

í þessum efnun. Við þekkjum orðið skipti við Bandaríkin. Skilningur þessa völdugasta lýðræðisríkis veraldarinnar á sjálfstæðisþrá minnstu þjóðar heimsins er óbyggjandi trygging fyrir því að helgidómur okkar verður aldrei af þeim skertur.

Samningi þessum geta Íslendingar sagt upp, ef þeir óska. Fellur hann þá fyrirvaralítið úr gildi.

Ég var eindregið mjög hvetjandi þessa samnings, en tel þó að rétt sé að Íslendingar taki sjálfir beinan þátt í að verja hugsjónri sínar, frelsi sitt og ættjörð sína. Þarf vandlega að athuga með hverjum hætti því verði skynsamlega fyrirkomid.

Úr landsfundarræðu, 31. október 1951.